

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 6. desember 2023.

Málið nr. S-2116/2023:

## Ákærvaldið

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Guðbjarni Eggertsson lögmaður)

(Sigurður Freyr Sigurðsson réttargæslumaður brotaþola)

### Dómur:

Mál þetta var þingfest 15. september 2023 og dómtekið 24. nóvember. Málið höfðaði Héraðssaksóknari með ákæru 31. ágúst 2023 á hendur ákærða, X, kt. [...], fyrir eftirgreind kynferðisbrot:

#### I.

Fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa þriðjudaginn 1. febrúar 2022, á þáverandi heimili sínu að [...], Reykjavík, án samþykkis og með því að beita ólögmati nauðung, haft samræði og önnur kynferðismök við A, kt. [...], sem þá var 13 ára, en ákærði lét stúlkuna hafa við sig munnmök og hafði við hana samræði.

Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### II.

Fyrir kynferðislega áreitni, með því að hafa í nokkur skipti á tímabilinu frá janúar til júní 2022, á heimili B, kt. [...] og í bifreið sinni, áreitt B kynferðislega, en ákærði þuklaði að minnsta kosti fjórum sinnum á brjóstum stúlkunnar innanklæða og reyndi tvisvar sinnum að færa hönd að kynfærum hennar og í eitt skipti rassskellti hann stúlkuna og sagði henni að hún væri með flottan rass.

Er þessi háttsemi talin varða við 199. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru eru teknar upp einkaréttarkröfur Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, fyrir hönd [...] forsjáraðila A og einkaréttarkröfur Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns [...], fyrir hönd B. Endanlegar dómkröfur þeirra eru þessar:

A.

[...] krefst þess fyrir hönd A að ákærði verði dæmdur til að greiða stúlkunni 3.000.000 króna miskabætur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. febrúar 2022 til þess dags er liðinn er mánuður frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludag. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu þóknunar Sigurðar Freys Sigurðssonar vegna réttargæslu í þágu A, sem og vegna réttargæslu í þágu B fyrir dómi.

B.

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, [...] krefst þess fyrir hönd B að ákærði verði dæmdur til að greiða stúlkunni 2.000.000 króna miskabætur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. júlí 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu þóknunar Ólafar Heiðu vegna réttargæslustarfa í þágu B.

Ákærði neitar sök í málinu, krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins og að framlögðum bótakröfum verði vísað frá dómi en að því frágengnu verði ákærði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og bætur stórlega lækkaðar. Þá verði sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

#### Bakgrunnur máls.

Ákærði er 23 ára gamall hælisleitandi frá [...] og hefur búið hér á landi síðastliðin þrjú ár. Þegar mál þetta kom upp í byrjun febrúar 2022 bjó ákærði einn í innréttuðum bílskúr að [...] í Reykjavík og hafði skömmu áður kynnst brotþola A gegnum samfélagsmiðilinn Snapchat. Á sama tíma átti ákærði kærustu, C, sem bjó að [...], ásamt syni sínum [...] og dótturinni B, brotþola í málinu. Haustið 2022 flutti ákærði í leiguherbergi að [...] og bjó þar einn, en hafði verið með annan fótinn á heimili C og tók þátt í umönnun brotþola B. Ákærða og C fæddist [barn] 2022 og hafa haldið parasambandi. Sumarið 2022 fóru þau í frí til Spánar með börn C og komu til baka í

byrjun júlí. Strax í kjölfarið reis grunur um að ákærði hefði brotið kynferðislega gegn brotþola B.

Málefni brotþola A hafa verið á borði [...] í fjölmörg ár, brotþoli lotið forsjá [...] frá 2017 og hefur frá sama tíma verið í varanlegu fóstri á heimili D og E að [...], Reykjavík. Að sögn barnaverndar glímir brotþoli við mikinn og fjölþættan vanda sem hefur áhrif á daglegt líf hennar, m.a. tengslavanda vegna áfalla og ofbeldis í æsku.

Brotþoli B hefur átt erfitt uppdráttar á heimili móður sinnar og fjölskyldan lengi notið liðsinnis barnaverndaryfirvalda [...]. Stúlkan er með væga þroskahömlun og greind undir meðallagi, hefur búið við kvíða og vanlíðan, gengið erfiðlega í námi og er talin þurfa öflugna sérkennslu og stuðning öll sín þroskaár.

### Sakarefni samkvæmt I. kafla ákæru.

#### *I. - Lögreglurannsókn máls.*

1.

Sunnudaginn 6. febrúar 2022 tilkynnti F til lögreglu að 13 ára vinkona hennar, A, hér eftir brotþoli, hafi verið í Snapchat samskiptum við ákærða, sem væri 21 árs, þau hist þriðjudaginn 1. febrúar, farið heim til hans og stundað kynlíf. Með tilkynningunni fylgdu skjáskot af textaskilaboðum milli ákærða og brotþola, sem hún hafði deilt með F og G vinkonu þeirra. Af lestri þeirra skilaboða er ljóst að ákærði og brotþoli vissu um réttan aldur hvors annars, að ákærði spurði brotþola hvort hún myndi sjúga hann, að hún sagðist gera það ef hann vildi, að hann sagðist að sjálfsgöðu vilja það, að hann spurði í framhaldi hvort hún vildi láta ríða sér kröftuglega eða rólega, að hún sagðist vilja byrja rólega og fá svo meiri kraft, að ákærði svaraði því með „Wow“ og fékk til baka broskarl 🤔 frá brotþola. Af skilaboðunum er og ljóst að ákærði sótti brotþola að fósturheimili hennar og lét hana áður vita að hann væri á leiðinni, að hún spurði svo hvort hann væri kominn fyrir utan heimili hennar, að ákærði svaraði því játandi og að hún textaði þá á móti „Ok I'm coming“.

2.

Mánudaginn 7. febrúar 2022 óskaði Barnavernd [...] eftir lögreglurannsókn á meintum kynferðisbrotum ákærða gegn brotþola. Í kærubréfi segir að E fósturmóðir brotþola hafi sama dag komið að máli við barnavernd og greint frá því að hún hefði komist að því að brotþola hafi verið nauðgað af eldri manni sem hún kynntist gegnum

Snapchat, þau mælt sér mót, hann sótt hana og farið með heim til sín og þau haft þar kynmök og munnmök. Að sögn E liti brotþoli þetta ekki alvarlegum augum, en í ljósi fyrri greininga og tilfinningavanda brotþola væri E á annarri skoðun.

Lögregla ræddi sama dag við D fósturföður brotþola og kvað hann brotþola kvöldið áður hafa greint frá atvikum, þ.e. að karlmaður hefði þriðjudaginn 1. febrúar sótt hana í bifreið við verslunina [...], maðurinn ekið með brotþola heim til sín, brotið gegn henni kynferðislega og hún veitt honum munnmök. Brotþoli hefði einnig rætt þetta við vinkonur sínar, þær tilkynnt málið til lögreglu og brotþoli opnað sig gagnvart H fósturdóttur D þegar þau voru nýliðna helgi saman í sumarbústað.

Þriðjudaginn 8. febrúar 2022 fór lögregla á vettvang meints brots og ljósmyndaði íbúðarrýmið í bílskúrnum að [...].

### 3.

Þann 8. febrúar 2022 fór lögregla á heimili ákærða og hugðist handtaka hann í þágu rannsóknar máls. Hittist þá fyrir vinur hans I og kvað hann ákærða ekki vera heima. Samkvæmt lögregluskýrslu hélt I á farsíma og gaf upp númer símans [...]. Segir í skýrslunni að brotþoli hafi þá verið búin að gefa upp sama símanúmer og sagt geranda hafa notað númerið í samskiptum við hana daginn eftir meint brot. Við svo búið var I handtekinn og færður til yfirheyrslu vegna gruns um kynferðisbrot. Liggur fyrir í því sambandi framburðarskýrsla I frá 8. febrúar. Er skemmst frá því að segja að I kvaðst saklaus af meintu kynferðisbroti, ekki þekkja til brotþola og ekki vita um hvað lögregla væri að tala. Þegar I var spurður hvar hann hafi verið þriðjudaginn 1. febrúar kvaðst hann ekki muna það og var látið þar við sitja. Borin voru undir I eftirfarandi textaskilaboð úr símanúmeri hans í símanúmer brotþola frá „Wednesday 17:34“:

„Hi how are you?“

„Who is this?“ [svar brotþola].

„I am from yesterday we did something“

„Ahh I thought you blocked me [brotþoli].

„My Snapchat fuck up“

„Ahh okay“ [brotþoli].

Can you send me your Snapchat?? I made another Snapchat“

I kvaðst ekki kannast við þessi skilaboð og aldrei hafa verið í samskiptum við brotþola, en staðfesti að skilaboðin stafi frá farsímanúmeri hans.

### 4.

Ákærði var yfirheyrður vegna málsins 9. febrúar 2022 að viðstöddum verjanda og túlki. Ákærði kvaðst búa einn í hinum innréttaða bílskúr að [...] og eiga kærustu til sex mánaða, C, sem byggi í [...]. Þegar ákærða var kynnt að hann væri grunaður um að hafa nauðgað brotþola þriðjudaginn 1. febrúar kvaðst hann hafa verið drukkinn og ekki muna eftir neinu slíku. Hann kvaðst hafa kynnst brotþola fyrir u.þ.b. mánuði gegnum Snapchat eftir að brotþoli sendi honum vinabeiðni og hún í framhaldi og að eigin frumkvæði sent honum ótal nektarmyndir af sér. Þau hafi aðeins hist augliti til auglitis í eitt skipti, umræddan þriðjudag og ákærði verið drukkinn. Fyrir þann tíma hafi þau bara skrifast á gegnum Snaphcat, þau skilaboð verið eðlileg, hann sagst vera 21 árs og hún sagst vera 18 ára.

Umræddan dag hafi brotþoli beðið ákærða að sækja hana, hann í framhaldi tekið hana upp í [...] bifreið sína við verslunina [...] og þau farið heim til hans. Ákærði hafi verið mjög drukkinn og teldi að brotþoli hafi verið farin burt 5-6 mínútum síðar. Hann kvaðst hafa haldið að hún væri að koma í venjulega heimsókn og þau ekkert rætt áður um kynferðislegt samneyti. Aðspurður hvort hann hafi verið drukkinn þegar hann sótti brotþola kvað ákærði nei við, en strax og þau komu heim til hans hafi hann skellt í sig vodka. Eftir það myndi ákærði lítið annað en að hann sagði brotþola að hann væri hræddur og að hún þyrfti að fara. Ákærði áréttaði að brotþoli hafi aðeins verið hjá honum í 5-6 mínútur, þau ekki haft nein kynferðisleg samskipti, hann á þeim tíma drukkið sex lítil glös af vodka og henni ekki litist á blikuna. Í framhaldi kvaðst ákærði drekka á hverju kvöldi og stundum á hverjum degi og sagði brotþola hafa komið heim til hans að degi til. Strax og hún fór hafi ákærði farið að sofa.

Eftir þetta hafi brotþoli haft samband á Snapchat og viljað hitta ákærða aftur, en hann þá verið búinn að átta sig á því að hún væri yngri en 18 ára og því ekki viljað hitta hana aftur. Aðspurður á hvaða tímapunkti hann hafi áttað sig á þessu kvað ákærði í fyrstu að þetta hafa gerst þegar brotþoli sendi honum nektarmyndirnar en síðan að þetta hafi gerst eftir að hún kom heim til hans og tók niður andlitsgrímu og hettu af hettupeysu sinni og ákærði þá talið hana vera 17 ára. Þegar borin voru undir ákærða fyrrgreind textaskilaboð milli hans og brotþola á Snapchat, þar sem hann segist vera 21 árs og brotþoli segist vera 13 ára, varð fátt um svör hjá ákærða; sagði að þar stæði bara talan 13 og hann vissi ekki hvað það þýddi, en brotþoli hefði ítrekað sagst vera 18 ára. Í kjölfarið samsinnti ákærði því að brotþoli hafi verið búin að segjast vera 13 ára áður en

þau hittust á heimili hans og hún haldið áfram að senda honum nektarmyndir eftir að hafa upplýst um þann aldur sinn.

Nánar aðspurður um heimsókn brotþola í bílskúrinn kvað ákærði þau hafa sest þar í sófa og hann ekki muna hvort annað þeirra eða bæði hafi fækkað fötum. Í framhaldi voru borin undir ákærða fyrrgreind textaskilaboð um munnmök og spurninguna um rólegar eða kröftugar samfarir og gekkst hann við því að þessi skilaboð hafi gengið á milli hans og brotþola sama dag eða daginn áður en þau hittust og að þegar hann svo sótti hana hafi hann haft kynferðislegan tilgang í huga.

## 5.

Brotþoli gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 7. mars 2022 að viðstöddum réttargæslumanni. Hún kvaðst búa hjá mömmu sinni og pabba að [...], vera í [...] bekk [skóli] og komin í Barnahús af því að henni hafi verið nauðgað. Hún kvaðst vera virk á Snapchat, safna þar vinum, hafa fengið þar vinabeiðni frá ákærða og samþykkt hana. Þau hafi svo byrjað að tala saman á Snapchat, hún sent ákærða eina andlitsmynd af sér og hann sagt að hún væri falleg. Brotþoli hafi svo beðið um mynd af ákærða, hann sent eina mynd og hún þá áttað sig á því að hann væri miklu eldri en hún. Nokkrum dögum seinna hafi ákærði sent henni skilaboð um hvort hann mætti ríða henni, hún í einhverju daðri og „djóki“ svarað „ókei“, hann í framhaldi sótt hana í bíl nálægt heimili hennar á þriðjudegi og hún þá verið orðin hálfsmeyk, en farið út og logið að mömmu sinni að hún væri að fara að hitta vini sína. Áður hefði ákærði spurt hana á Snapchat hve gömul hún væri og hún sagt honum réttilega að hún væri 13 ára. Aðspurð hvert ákærði hafi ekið henni þar brotþoli að hann hafi ekið heim til vinar síns sem búi í hverfi nálægt [...], [...] og [...]. Vinurinn hafi ekki verið heima, en þegar hún og ákærði hafi verið að klæða sig aftur í fötin hafi ákærði fengið sms skilaboð um að vinurinn væri á leiðinni heim, ákærði sagt „Oh shit“ og skutlað brotþola heim.

Nánar aðspurð um íbúð vinarins kvað brotþoli þetta hafa verið rosalega lítið hús, en huggulegt inni, hún farið úr skóm og úlpu og þegið boð ákærða um að leggjast upp í rúm. Þar hafi ákærði byrjað að kyssa hana, hún verið frosin og ógeðslega hrædd, ákærði haldið áfram að kyssa hana, fært hana úr buxum og nærbuxum, sjálfur afklæðst, lagst ofan á hana í rúminu með smokk á getnaðarlimnum og byrjað að nauðga henni, þ.e. að ríða henni um leggöng án vilja hennar. Á meðan hafi brotþoli legið grafkyrr á bakinu, ekki langað í samræði og fundist það „ópægilegt“. Hún kvaðst halda að samræðið hafi staðið yfir í 10-15 mínútur, ávallt í sömu stellingu og því lokið þegar sms skilaboðin

bárust frá vini ákærða. Við það hafi ákærði hætt að nauðga henni, þau klætt sig í snatri og ákærði skutlað henni aftur heim. Að sögn brotþola var umrætt rúm hringlaga og staðsett í stofu íbúðarinnar, en þess utan hafi verið tvö önnur herbergi í íbúðinni.

Brotþoli kvaðst hafa sagt G bestu vinkonu sinni frá atvikum strax og ákærði var búinn að skutla henni heim, G í fyrstu ekki viljað trúa henni og G og F vinkona þeirra svo sagt lögreglu frá þessu. Brotþoli hafi verið vinkonum sínum mjög reið í fyrstu, því hún vildi ekki að foreldrar hennar og aðrir vissu af þessu og vildi ekki missa símann sinn í hendur lögreglu.

Aðspurð hvort brotþoli hafi sent ákærða aðrar myndir en af andliti sínu kvaðst hún ekki minnst þess. Nánar aðspurð bar brotþoli að ákærði hafi sótt hana tvisvar að heimili hennar; fyrst mánudaginn 31. janúar og svo þriðjudaginn 1. febrúar. Í fyrra skiptið hafi ákærði ætlað „að finna einhvern stað til að gera þetta“ en það ekki tekist af því vinur hans var að koma heim, þau því bara keyrt um, hann svo skutlað henni aftur heim og sagst myndu sækja hana daginn eftir. Þann dagi hafi þau svo farið heim til vinar ákærða, sem bjó í lítilli kjallaraíbúð og hafi ákærði ekki neytt áfengis þar.

Þegar nánar var gengið á brotþola um kynferðislegt samneyti hennar og ákærða bar brotþoli að hann hafi látið hana „snerta typpið á sér einu sinni“ með höndum hennar og kvaðst brotþoli ekki vilja ræða það frekar því henni fyndist umræðuefnið óþægilegt. Þegar áfram var gengið á hana með þetta kvaðst brotþoli halda að hún hafi bara snert getnaðarlim ákærða með munninum og hann látið hana gera það. Þá kom fram að þegar ákærði setti smokkinn á lim sinn hafi hann spurt brotþola hvort hún væri alveg viss um að hún væri 13 ára, hún svarað því játandi, hann í framhaldi spurt hvort hún hafi áður riðið og brotþoli svarað því neitandi.

Brotþoli kvaðst ekki hafa hitt ákærða eftir þetta, en nokkrum dögum seinna hafi hann sent henni skilaboð á Snapchat, sagst hafa lent í vandræðum með eða misst aðgang sinn þar og þurft að stofan nýja reikning. Annað hafi þeim ekki farið á milli.

Brotþoli var spurð hvort hún hafi vistað eitthvað af Snapchat samskiptum sínum og ákærða með skjáskotum og svaraði því til að hún „screenshotta ekki mikið chat, þú veist, nema þegar ég sé kannski að ríða svona einhverjum ...“. Einnig kom fram að G vinkona hennar hafi verið að tala við ákærða og G „tók screenshot af accountinum hans ... og hún fann allt um hann fyrir mig og þannig“. Eftir þetta var brotþoli spurð hvort hún hafi vitað um aldur ákærða og kvað hún nei við, en sagði vinkonu sína hafa fundið út að hann væri 21 árs.

Brotapola var kynntur sá framburður ákærða að hún hefði sagst vera 18 ára og kvaðst hún ekki minnst þess. Þó gæti hún hafa sagt honum þetta í byrjun samskipta þeirra og hún stundum logið til um þann aldur þegar hún væri að kynnast einhverjum og treysti viðkomandi ekki alveg. Þá var brotapolu kynnt að ákærði segði þau ekki hafa átt kynferðislegt samneyti umræddan dag og svaraði því með „Ha?“ og „Hvað meinarðu?“ og bætti svo við „Þetta gerðist víst.“ Brotapoli var minnt á að þetta væri engu að síður frásögn ákærða og sagði hún þá „Mig langar til að drepa hann.“ Í framhaldi var henni kynnt að ákærði kannaðist við að hafa hitt hana umræddan dag og sagði þá „Ókei“.

Í lok skýrslugjafar dró brotapoli afstöðumynd af íbúðarrými og rúmi ákærða og eru þær teikningar meðal gagna málsins.

## 6.

Lögregla fékk heimild til að afrita og skoða innihald farsíma ákærða, brotapolu og G vinkonu hennar. Í tveimur farsímum ákærða fannst ekkert sem tengdi hann við brotapolu. Í gagnagrunni farsíma brotapolu fundust sex skjáskot um Snapchat samskipti hennar og ákærða, m.a. andlitsmynd af honum og textaskilaboðin sem frá greinir í kafla I.-1. dómsins. Þá leiddi rannsókn í ljós að það var brotapoli sem sendi ákærða vinabeidni á Snapchat 27. janúar 2022 kl. 11:41 og að hún svo „blokkaði“ hann 2. febrúar kl. 08:48.

Rannsókn á farsíma G leiddi í ljós að hún og brotapoli skiptust á fjölmörgum textaskilaboðum gegnum Snapchat þriðjudaginn 1. febrúar, á tímabilinu frá kl. 11:53 til 22:11. Skal hér nefna að kl. 11:54 skrifar brotapoli „Eg er ekki virgin“, bætir svo við að þetta hafi verið fullorðinn maður, „[...]“, sem hún viti ekki hvað heiti og þetta gerst á um 20 mínútum, út af því að þau höfðu ekki mikinn tíma því vinur hans var að koma. G virðist eiga erfitt með að trúá þessu og segir brotapoli ítrekað að hún sé ekki að ljúga, fær á móti „ja og setti hann br typpið í píkuna“ og svarar brotapoli „JA Í PÍKUNA HVAÐ HELDURÐU ... ANNAR VÆRI SG ENNÞÁ VIRGIN“. Í framhaldi átelur G brotapolu fyrir óábyrga og hættulega hegðun og fær á móti frá brotapolu „Gaur Wtf eg er ekkert að reyna vera cool með að gera þetta ef mér langaði að gera þetta þá má eg það alveg“. Um kl. 14:30 skrifar G að maðurinn hafi verið að nota brotapolu og svarar brotapoli að þetta hafi bara verið „svona one time thing“, segist ekki ætla að hitta manninn aftur, bætir svo við að hún viti núna að þetta voru mistök, maðurinn of gamall, hún leyft honum að „taka viginityið mitt“ og það hafi verið rangt. Í framhaldi spyr brotapoli „Ætliði að kæra hann?“ og fær á móti frá G „við getum ekki gert það en þu getur það eða E og D“. Brotapoli

kveðst í framhaldi ekki þora að segja fósturforeldrum sínum frá þessu og er hvött af G til að gera það samt því „þsð verður að stoppa hann“.

Einnig skal hér nefna að miðvikudaginn 2. febrúar kl. 17:43 skrifar brotapolí til G „GÆINN SEM EG REIÐ VAR AÐ SKRIFA MÉR ÚT AF ÞVÍ EG GAF HONUM NÚMERIÐ MITT ÁÐUR OG HANN VAR AÐ ADDA MÉR AFTUR Á SNAP OG SAGÐI AÐ SNAPIÐ HANS FOR EITTHVAÐ Í RUGL OG GERÐI NÝY ACC“.

7.

F gaf skýrslu hjá lögreglu 5. október 2022. Hún kvaðst hafa kynnst brotapolá fyrir á árinu og væru þær í sama skóla. F kvaðst ekkert þekkja til ákærða en hafa séð mynd af „gaurnum sem [brotapolí] reið“, því brotapolí sendi henni skjámynd af gaurnum og textaskilaboðum milli þeirra um að gaurinn vildi ríða brotapolá og hún sagst hvað hún vildi í þeim efnum. Þær vinkonur hafi einnig rætt þetta sín í milli og brotapolí þá sagst hafa farið heim til gausins, riðið honum og svo farið heim því gaurinn hafi ekki haft meiri tíma. Að sögn F virtist brotapolí vera glöð með það sem gerðist, fyndist gaman að vera búin að missa meydóminn og stolt yfir því. F og G vinkona þeirra hafi á móti sagst að þetta væri ekki í lagi og að maðurinn hefði ekki mátt sofa hjá 13 ára stúlku. Í framhaldi hafi F og G ákveðið að kæra þetta til lögreglu.

8.

G gaf skýrslu hjá lögreglu 6. október 2022. Hún kvaðst hafa fengið Snapchat skilaboð frá brotapolá um að brotapolí væri ekki lengur hrein mey og hún riðið manni yfir tvítugt sem hún hefði kynnst á Snapchat. Maðurinn hefði sent brotapolá skilaboð „wanna fuck“, í framhaldi sótt brotapolá í bíl, farið með hana heim til vinar síns og þau riðið, en aðeins haft stuttan tíma þar sem vinurinn var á heimleið. Að sögn G leið brotapolá vel í fyrstu með að hafa misst meydóminn en svo hefði hún áttað sig á því að það hefði verið rangt að ríða svona eldri manni. Hafi G og F rætt þetta við brotapolá og gert henni grein fyrir því að fullorðinn maður mætti ekki sofa hjá 13 ára stúlku.

9.

Ákærði var yfirheyrður öðru sinni 27. október 2022 að viðstöddum verjanda og túlki og kvaðst ekkert hafa við fyrri framburð að bæta. Ákærði var í framhaldi beðinn að greina frá því sem gerðist greindan dag. Hann kvað ekkert hafa gerst; hann og brotapolí hafi komið heim til hans, hún þá verið með andlit sitt hulið og ákærði ekki séð almennilega framan í hana fyrr en þau voru komin þangað og ákærði búinn að drekka óblandað vodka. Ákærði kvaðst hafa viljað drekka, hafið þá drykkju eftir að heim kom

og brotþoli verið upptekin í síma sínum á meðan hann drakk og varð „fullur smá“. Um 5-6-8 mínútum eftir að þau komu heim til hans hafi brotþoli haldið á brott, spurt að skilnaði hvort þau gætu hist aftur og ákærði svarað „já ókei“ þótt hann vildi ekki hitta hana aftur, enda séð að brotþoli var bara lítil stelpa eftir að hún tók hettuna frá andlitinu.

Borinn var undir ákærða framburður brotþola um að hún hafi klætt sig úr skóm og úlpu, lagst upp í rúm ákærða, hann í framhaldi byrjað að kyssa hana, klætt hana úr buxum og nærbuxum og síðan haft samræði við hana í rúminu. Ákærði kvað brotþola aldrei hafa farið nálægt rúmi hans heldur sest í sófa, í úlpu og verið í farsímanum sínum. Ákærði hafi ekki kysst hana og því síður snert buxur hennar eða nærbuxur og þvertók ákærði bæði fyrir að hafa haft við hana samræði og að hún hafi veitt honum munnmök. Framburður brotþola um annað væri rangur. Aðspurður af hverju brotþoli ætti að bera á hann rangar sakir taldi ákærði að það gæti verið vegna þess að hann hafi logið til um að hann vildi hitta hana aftur.

#### 10.

H gaf skýrslu hjá lögreglu 28. október 2022. Hún kvaðst fyrst hafa heyrt af málinu þegar brotþoli sendi henni sms skilaboð og sagði að sér hefði verið nauðgað. H hafi strax hringt í brotþola og hún sagt að fósturforeldrar hennar væru búnir að kæra málið til lögreglu.

### *II. - Framburður ákærða og vitna við aðalmeðferð máls.*

#### 1.

Ákærði rakti upphafi málsins til þess að hann hafi fengið vinabeiðni frá brotþola á Snapchat, hann samþykkt hana sem vin, þau síðan farið að skiptast á textaskilaboðum og þannig kynnst. Brotþoli hafi jafnframt sent honum fjölda nektarmynda, hún viljað koma til hans, þau ákveðið að hittast, ákærði því sótt brotþola að heimili hennar þriðjudaginn 1. febrúar 2022 og þau ekið heim til hans. Þar hafi brotþoli dvalið í 5-6 mínútur, hún klætt sig úr úlpu og setið fullklædd í sófa allan tímann og talað við vinkonu sína í síma, ákærði á meðan drukkið nokkur glös af áfengi og brotþoli svo viljað fara heim. Það hafi hún gert og ákærði ekki skutlað henni til baka. Aðspurður um tilgang heimsóknarinnar kvað ákærði þetta hafa verið venjulega heimsókn og brotþoli ekki viljað stoppa lengur.

Aðspurður hvort aldur brotþola hafi komið til tals í samskiptum þeirra kvað ákærði brotþola fyrst hafa sagst vera 13 ára, en svo sent honum nektarmyndir af sér og

þá sagst vera 18. Borin voru undir ákærða textaskilaboðin sem frá greinir í kafla I.-1. dómsins. Hann kannaðist við þau og sagði brotþola áður hafa sent honum nektarmyndir, sem sýndu brjóst hennar, rass, andlit og allan líkamann. Einnig voru borin undir ákærða textaskilaboðin sem frá greinir í kafla I.-3., m.a. skilaboðin „I am from yesterday we did something“ og kvaðst hann hvorki kannast við símanúmerið sem skilaboðin voru send úr né að hafa sent brotþola skilaboðin. Í framhaldi var ákærða kynnt að skilaboðin hefðu verið send úr farsíma I vinar hans og þvertók ákærði fyrir að hafa fengið þann síma lánaðan til að senda skilaboðin.

Ákærði kvaðst ekki hafa hitt brotþola eftir heimsóknina 1. febrúar og hann í kjölfarið „blokkað“ hana því hún hafi sagst vilja hitta hann aftur þegar hún kvaddi og fór út af heimili hans. Ákærða var kynnt að samkvæmt rannsóknargögnum máls hafi það verið brotþoli sem sleit Snapchat venskap þeirra 2. febrúar kl. 08:48 með því að „blokka“ hann og sagði ákærði að það gæti passað.

Ákærði kvaðst muna vel eftir öllu sem gerðist á heimili hans, hann aðeins fundið til lítilla áfengisáhrifa eftir fyrrgreinda drykkju og staðhæfði að hann og brotþoli hafi ekki átt neitt kynferðislegt samneyti. Hann kvaðst hafa staðið í þeirri trú að brotþoli væri 18 ára þegar hún kom heim til hans, hann svo fattað að hún væri yngri þegar hún tók af sér hettu og verið feginn þegar hún vildi fara. Ef brotþoli hefði hins vegar verið 18 ára hefðu þau tekið þetta lengra. Borinn var undir ákærða gagnstæður framburður brotþola, m.a. um samræði og munnmök og að ákærði hafi spurt hvort hún væri örugglega 13 ára um leið og hann setti á sig smokk og kvað hann brotþola fara með rangt mál og segja ósatt um sömu atriði. Þá væri rangt hjá brotþola að hann hafi skutlað henni heim eftir dvölinu á heimili hans.

## 2.

F bar fyrir dómi að hún og brotþoli væru ekki lengur vinkonur. Ekkert sérstakt hefði komið upp á í því sambandi, en F ekki hugnast „lífsstíll“ brotþola, þ.e. brotþoli hefði mætt illa í skóla og verið dónaleg og leiðinleg við fósturmóður sína. F kvaðst muna að þriðjudaginn 1. febrúar 2022 hafi verið starfsdagur í [...], hún því ekki vaknað fyrr en um hádegi og þá séð í farsíma sínum skilaboð frá brotþola um að hún hefði misst meydóminn sama dag. Fyrir þann tíma hefði mátt greina á tali brotþola að henni væri mikið í mun að missa meydóminn, því allir í kringum hana voru að missa meydóminn eða sögðust alla vega vera búnar að missa hann. Brotþoli hafi svo greint frá því sama dag að ákærði hefði sótt hana fyrr um daginn, þau farið heim til ákærða eða vinar hans

og ákærði svo skutlað henni aftur heim því vinur hans hafi verið á leið heim til ákærða. Jafnframt sendi brotþoli F Snapchat skilaboðin sem gengu á milli hennar og ákærða í aðdraganda heimsóknarinnar.

F voru sýnd umrædd textaskilaboð og staðfesti að um sömu skilaboð væri að ræða. Hún kvaðst svo hafa hitt brotþola daginn eftir eða nokkrum dögum síðar, brotþoli fyrst verið pirruð út í F og G vinkonu þeirra fyrir að segja lögreglu frá, en síðan skilið að þær hafi orðið að bregðast við. Þá hafi brotþoli í fyrstu verið afar stolt af því að hafa misst meydóminn og sagt öllum í skólanum frá því, en eftir neikvæð orð vinkvennanna tveggja hefði afstaða brotþola breyst og hún sagt einhverri vinkonu að henni hefði verið nauðgað. Aðspurð kvaðst F á þessum tíma hafa trúað frásögn brotþola um kynferðislegt samneyti hennar og ákærða og vísaði til textaskilaboðanna þar sem þau lögðu á ráðin að hittast og hafa kynmök. Nokkrum mánuðum seinna hafi F og brotþoli hætt að vera vinkonur.

### 3.

G bar að hún og brotþoli hafi verið vinkonur á sínum tíma, en hætt að tala saman í nóvember-desember 2022. Þær væru þó ekki óvinkonur í dag. Hún kvaðst hafa fengið Snapchat skilaboð frá brotþola þriðjudaginn 1. febrúar 2022, ekki svarað og brotþola þá hringt og sagst vera búin að missa meydóminn með einhverjum gæja á Snapchat sem væri rúmlega tvítugur. Að sögn G hóf brotþoli símtalið með því að segja „giskaðu á hvað gerðist?“, hún svo sagst vera búin að missa meydóminn, það gerst rétt áðan og gæinn væri búinn að skutla henni heim. Fram kom í máli G að umræddur dagur hafi verið starfsdagur í skólanum, hún skilið brotþola svo að ákærði hefði sótt hana um túuleytið, þau riðið í smá stund á heimili ákærða, vinur hans svo boðað komu sína á staðinn, þau því þurft að drífa sig og ákærði skutlað henni aftur heim. Að sögn G notaði brotþoli orðið „ríða“ í þessu sambandi og minntist ekkert á munnmök við ákærða. Eftir að heim kom hafi brotþoli sent G Snapchat skilaboðin sem gengu á milli brotþola og ákærða í aðdraganda heimsóknarinnar.

G voru sýnd umrædd textaskilaboð, staðfesti að um sömu skilaboð væri að ræða og kvaðst hafa tekið framlögð skjáskot af skilaboðunum. Jafnframt staðfesti G þau textaskilaboð sem gengu á milli hennar og brotþola og frá greinir í kafla I.-6. dómsins. Hún kvað brotþola hafa verið stolta af því að hafa misst meydóminn „því geðveikt margar stelpur í skólanum búnar að missa meydóminn“. Aðspurð kvaðst G ekki hafa trúað frásögn brotþola um meydómsmissinn í fyrstu, en sá svo textaskilaboðin þar sem

brotapoli og ákærði leggja á ráðin um kynmök og ákvað þá að trúa brotþola, enda brotþoli besta vinkona hennar á þeim tíma.

4.

D fósturfaðir brotþola bar fyrir dómi að hann hafi fyrst heyrt af kynferðislegu samneyti brotþola og ákærða 6. febrúar 2022 gegnum F og G, sem höfðu áður sagt ömmu F frá og tilkynnt málið til lögreglu. D hafi svo hringt í lögreglu og fengið frekari upplýsingar. Hann kvaðst ekki hafa rætt þetta ítarlega við brotþola og hún lítið vilja tjá sig, en þó greint frá því að ákærði hefði tvívegis reynt „að lokka hana til“ og hún ekki þorað annað en að fara út í bíl til hans af ótta við að ella myndi hann gera eitthvað á hlut hennar og fjölskyldunnar. Að sögn D var brotþoli „brotin yfir þessu“ þegar hún greindi honum frá og óttaðist að hún hefði gert eitthvað rangt og yrði skömmuð. Hann kvað brotþola eiga erfiða æsku að baki og hún m.a. sætt ofbeldi af hálfu kynmóður. Sökum þessa væri erfitt að greina afleiðingar af háttsemi ákærða, en umræddur atburður hafi að minnsta kosti ekki bætt líðan hennar. Að sögn D njóti brotþoli nú aðstoðar hjá sálfræðiteymi [...] og hafi svo verið frá hausti 2023. Hann kvaðst ekki draga frásögn hennar í efa.

5.

H fóstursystir brotþola bar að þær hafi dvalið um helgi í sumarbústað í byrjun febrúar 2022 þegar brotþoli reyndi að segja henni frá einhverju, en var afar treg til frásagnar. H hafi þó skynjað að eitthvað væri „off“ þótt brotþoli kæmi ekki orðum að því. Daginn eftir heimkomu hafi brotþoli svo hringt í H eða sent henni skilaboð um að sér hefði verið nauðgað. H hafi fyrst haldið að brotþoli væri að grínast, en þær svo talað saman og brotþoli sagst hafa farið heim til ákærða og þær hafi þetta gerst.

6.

J amma F bar fyrir dómi að F og G hafi komið heim til hennar og greint henni frá einhverju atviki með brotþola og ákærða, J í kjölfarið hringt í D fósturföður brotþola og jafnframt tilkynnt málið til lögreglu. Fram kom í máli J að F og G hefðu sagst hafa rakið ferðir brotþola að heimili ákærða gegnum „Location“ staðsetningarbúnað farsíma og sýndu J textaskilaboð sem hefðu gengið milli brotþola og ákærða. Brotþoli hafi svo seinna sagt J frá því að hún og ákærði „hefðu gert það“. J kvaðst þekkja lítið til brotþola og gæti því ekki lagt mat á trúverðugleika frásagnar hennar.

7.

K yfirlæknir [...] staðfesti fyrir dómi læknisvottorð útgefið 3. nóvember 2023 að beiðni barnaverndar, en samkvæmt vottorðinu kom brotþoli til skoðunar 9. maí 2023 með ósk um þungunarrof eftir að hafa fengið jákvætt svar við þungunarprófi heima hjá sér. Gerð hafi verið kvenskoðun, hún reynst eðlileg og engin merki sést um þungun við sónarskoðun. Í kjölfarið hafi verið gert þungunarpróf á LSH og það reynst neikvætt. Nánar aðspurð um „kvenskoðun“ umræddan dag og hvað í henni fælist bar K að slíkt fæli í sér skoðun á ytri kynfærum og innri kynfærum upp að leghálsi og væri m.a. farið inn með 2 cm. sveran sónarstaf. Hún kvað kvenskoðun ekkert hafa með rofið meyarhaft að gera.

#### 8.

Fyrir dóminn komu einnig L rannsóknarlögreglumaður, M lögregluvarðstjóri og N sérfræðingur í tölvu- og símarannsóknum og staðfestu vitnin þær skýrslur sem eftir þau liggja. Fram kom í máli N að treysta mætti þeim tímasetningum sem frá greinir í upphafi kafla I.-6. dómsins, þ.e. að brotþoli sendi ákærða vinabeiðni á Snapchat 27. janúar 2022 kl. 11:41 og „blokkaði“ hann á Snapchat 2. febrúar kl. 08:48. Þá gat N þess að Snapchat forritið geymdi nær öll gögn á skýi og að lítið vistist af upplýsingum í farsímum fólks nema óskað væri sérstaklega eftir því. Sjálfur kvaðst hann engin gögn hafa sótt í ský við rannsóknir á farsímum ákærða, brotþola eða annarra.

### *III. - Málalíbúnaður ákærvaldsins og ákærða.*

#### 1.

Af hálfu ákærvaldsins er einkum á því byggt að brotþoli hafi verið einlæg og trúverðug í dómsframburði sínum um sakarefni máls. Sá framburður samrýmist í öllu verulegu vitnisburði F og G vinkvenna hennar, framlögðum skjáskotum og textaskilaboðum og styðjist einnig við vitnisburð D fósturföður brotþola og H fóstursystur hennar. Þá styðji það trúverðugleika frásagnar brotþola um nauðgun að hún þorði ekki annað en að fara út í bíl til hans að morgni 1. febrúar 2002 og lokaði svo á öll samskipti við hann strax að morgni 2. febrúar.

Ákærði hafi á hinn bóginn verið um margt ótrúverðugur í frásögn og framburður hans reikull, m.a. varðandi vitneskju um aldur brotþola, meinta áfengisneyslu og tilgang heimsóknar brotþola umrætt sinn. Framburður ákærða sé í heild ótrúverðugur, sér í lagi frásögn um skyndilega drykkju og neitun hans á því að hafa daginn eftir sent brotþola textaskilaboðin „I am from yesterday we did something“. Ekkert sé fram komið sem

styðji framburð ákærða og sé því mótmælt að brotþoli hafi sent honum nektarmyndir í aðdraganda téðrar heimsóknar. Þá breyti engu um niðurstöðu máls þótt brotþoli hafi rætt við vinkonur sínar að hún vildi missa meydóminn, enda felist ekki í því samþykki fyrir nauðgun og munnmökum gegn vilja hennar. Beri því að sakfella ákærða fyrir brot á 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt beri að sakfella ákærða fyrir nauðgun samkvæmt 1. mgr. 194. gr., enda birtist ákærði óvænt á heimili brotþola að morgni 1. febrúar, þannig að hún þorði ekki annað en að fara út í bíl til hans og fylgja honum heim, lét hana þar leggjast upp í rúm, afklæddi hana í rúminu og þvingaði hana síðan til munnmaka og samræðis gegn vilja hennar. Beri í því sambandi einnig að hafa í huga að 13 ára barn geti aldrei veitt gilt samþykki í skilningi téðrar 1. mgr. 194. gr.

## 2.

Af hálfu ákærða er einkum á því byggt að ákærði hafi frá upphafi máls verið sjálfum sér samkvæmur í frásögn og sé framburður hans trúverðugur um sakarefni máls. Framburður brotþola sé á hinn bóginn reikull og misvísandi um fjölmörg atriði og gæti þar ekki aðeins innra ósamræmis heldur einnig ósamræmis við vitnisburð tveggja vinkvenna hennar og textaskilaboð sem frá þeim þremur stafa. Þá liggi hvorki fyrir í málinu frásögn hlutlausra og óvilhallra vitna né heldur sérfræðigögn um breytta hegðun brotþola og/eða líðan hennar eftir atburði 1. febrúar 2022. Á hinn bóginn liggi fyrir að margar vinkonur brotþola sögðust á þessum tíma vera búnar að missa meydóminn og vildi brotþoli ólm komast í þann hóp eða öllu heldur þann hóp 13 ára stúlkna sem segðust hafa misst meydóminn. Er ekkert sem útiloki að brotþoli hafi brugðið á sama ráð og notfært Snapchat kynnin við ákærða í þessu sambandi. Það yrði þá ekki í eina skiptið sem brotþoli segði ósatt, því hún gekkst við því fyrir dómi að hafa logið til um aldur sinn í samskiptum við ákærða og aðra á spjallsvæðum.

Þá hafi lögreglurannsókn verið slæleg og ekki hirt um að færa brotþola til líkamsskoðunar strax í byrjun febrúar 2022 svo ganga mætti úr skugga um, af eða á, hvort hún væri þá með rofið meyarhaft eða hrein mey. Með því hafi lögregla spillt verulega sönnunarstöðu í málinu, ákærða í óhag og verði ákærvaldið að bera hallann af því. Breyti engu í því sambandi framlagt vottorð um kvenskoðun brotþola 9. maí 2023 og dómsvætti K læknis, en vottorðið styðji ekki annað en þörf brotþola fyrir athygli og samkvæmt vætti K sé kvenskoðun eitt og mat á rofnu meyarhafti annað og óskylt atriði. Þannig hafi aldrei verið kannað hvort meyarhaft brotþola var rofið og geti hún allt eins verið hrein mey í dag. Eftir standi frásögn ákærða og brotþola um hvort stofnast hafi til

samræðis umræddan dag og standi þar orð gegn orði. Að því gættu og gegn eindreginni neitun ákærða beri að sýkna hann af sakargiftum samkvæmt ákæru.

Telji dómurinn engu að síður sannað að samræði hafi átt sér stað á heimili ákærða verði sú háttsemi ekki færð undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, enda ljóst af fyrstu frásögn brotþola, vætti tveggja bestu vinkvenna hennar og fyrirliggjandi textaskilaboðum að brotþoli vildi missa meydóminn og sagði frá því með stolti að hún hefði haft samræði við mann og leyft honum að afmeyja hana. Þannig hafi brotþoli ekki aðeins samþykkt meintar samfarir við ákærða af fúsum og frjálsum vilja, heldur skorti og ásetning til nauðgunar í skilningi téðrar 1. mgr. 194. gr., sbr. 18. gr. hegningarlaganna. Þess utan liggi fyrir sá dómsframburður brotþola að ákærði hafi fyrst sótt hana að heimili hennar mánudaginn 31. janúar 2022 og þau farið á rúntinn og sé því fráleitt að halda því fram að hún hafi verið hrædd við ákærða daginn eftir og ekki þorað annað en að fara út í bíl til hans. Sú kenning ákæruvaldsins um ólögmetna nauðung standist því ekki. Þá sé því ekki lýst í ákæru í hverju önnur meint nauðung fólst og beri ákæruvaldið hallann af því.

Loks sé meintum munnmökum alfarið mótmælt sem ósönnuðum og liggi ekkert fyrir um slík mök annað en afar óljós og misvísandi framburður brotþola. Framburður hennar sé að þessu leyti og öðru í meira lagi óstöðugur og misvísandi og ógerlegt að henda reiður á hvað eigi að hafa gerst á heimili ákærða og hverju eigi að trúá í frásögn brotþola. Framburður hennar hafi verið gefinn án tilfinninga eða svipbrigða að því einu undanskildu að brotþola gramdist að heyra að ákærði neitaði samförum við hana, en varð svo sátt þegar hún heyrði að hann þrætti ekki fyrir heimsókn hennar. Að þessu gættu og öðru framanröktu leiki slíkur vafi á sekt ákærða að leiða beri til sýknu.

#### *IV. - Niðurstöður dómsins um sekt eða sýknu.*

##### 1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Metur dómari enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr.

2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2.

Ákærða er í I. kafla ákæru gefið að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa þriðjudaginn 1. febrúar 2022, á þáverandi heimili sínu að [...], Reykjavík, haft samræði og önnur kynferðismök við brotþola, sem þá var 13 ára, án samþykkis og með því að beita brotþola ólögmætri nauðung, en ákærði lét brotþola hafa við hann munnmök og hafði við hana samræði. Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3.

Fyrir liggur að brotþoli sendi ákærða vinabeiðni á samfélagsmiðlinum Snapchat fimmtudaginn 27. janúar 2022, að þannig kynntust þau og tóku upp spjall á sama miðli, að í því spjalli, mánudaginn 31. janúar fremur en þriðjudaginn 1. febrúar, færði ákærði í tal hvort brotþoli væri reiðubúin að veita honum munnmök, að hún sagðist gera það ef hann vildi, að hann sagðist að sjálfsgöðu vilja það, að hann spurði í framhaldi hvort hún vildi láta ríða sér kröftuglega eða rólega, að hún sagðist vilja fara rólega af stað en auka svo kraftinn og að bæði lýstu ánægju í lok textasendinga. Einnig liggur fyrir að þegar þær sendingar fóru fram hafði brotþoli áður textað til ákærða að hún væri 13 ára og hann textað á móti að hann væri 21 árs. Þá liggur fyrir að ákærði sótti brotþola í bifreið að heimili hennar fyrir hádegi þriðjudaginn 1. febrúar, að áður vissi hún að hann væri á leiðinni að sækja hana, að hún fór síðan út af heimili sínu og settist inn í bifreið ákærða og að þaðan ók hann með brotþola að þáverandi heimili sínu í innréttuðum bílskúr að [...]. Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um hvað gerðist þar og ræðst niðurstaða máls af því hvort þeirra telst trúverðugra um atburðarás og atvik í bílskúrnum og hvort og hvernig framburður þeirra fær stoð í öðrum málsgögnum.

4.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök og þrætt fyrir að hafa átt kynferðislegt samneyti við brotþola í bílskúrnum, hvort heldur þannig að hún hafi veitt honum munnmök eða þau haft þar samfarir. Við mat á áreiðanleika þess framburðar er til þess að líta að ákærði hefur verið missaga um hvað hann vissi eða taldi sig vita um aldur brotþola, hann ýmist sagst hafa vitað að hún væri 13 ára þegar hann sótti hana umræddan dag eða staðið í þeirri trú að hún væri 17-18 ára og fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því að brotþoli væri barn og undir kynferðisaldri fyrr en hún tók ofan hettu í

bílskúrnum. Þykir þessi framburður ákærða ótrúverðugur. Þá hefur ákærði verið tvísaga hjá lögreglu og fyrir dómi um tilgang heimsóknar brotþola og ýmist gengist við því að hafa sótt hana og ekið heim til sín í kynferðislegum tilgangi eða að eingöngu hafi verið um „venjulega“ heimsókn að ræða. Er þetta ekki til þess fallið að styrkja trúverðuleika framburðar hans. Þá þykir einkar ótrúverðug sú frásögn ákærða, þótt stöðug sé, að þegar eftir heimkomu hafi hann skellt í sig umtalsverðu magni af áfengi á örfáum mínútum, brotþoli á meðan setið í sófa með farsíma sinn, orðið afhuga frekari samvistum vegna áfengisneyslunnar, hún því látið sig hverfa og sagt að skilnaði að hún vildi hitta hann aftur. Að gættum þessum atriðum þykir lítið hald í dómsframburði ákærða um atvik í bílskúrnum og verður sá framburður metinn með hliðsjón af áreiðanleika framburðar brotþola og öðrum sönnunargögnum máls.

Fyrir dómi bar brotþoli að ákærði hafi sótt hana að morgni 1. febrúar 2022 og ekið henni heim í bílskúrsíbúð sína, svo sem sannað telst í málinu. Sú frásögn brotþola að þar hafi þau haft samfarir samrýmist þeim textaskilaboðum sem áður gengu milli hennar og ákærða um yfirlýstan vilja beggja til samfara, þeim textaskilaboðum sem gengu milli brotþola og G, að því er virðist skömmu eftir að brotþoli kom aftur heim til sín, að brotþoli hefði haft samfarir við fullorðinn „[...]“ karlmann og við það misst meydóminn, þeim textaskilaboðum sem brotþola bárust gegnum síma vinar ákærða, og verða að mati dómsins augljóslega rakin til ákærða, að hann sé „I am from yesterday we did something“ og loks þeim textaskilaboðum brotþola til G í hástöfum að „gæinn sem eg reið var að skrifa mér ...“ Að öllu þessu virtu, sem og samhljóða dómsvætti G og F um að brotþoli hafi skömmu eftir meint samræði skýrt frá því að hún og ákærði hafi riðið og hún þannig misst meydóminn, því að ákærði þykir reikull í framburði sínum um aldur brotþola, tilgang heimsóknar hennar í bílskúrinn og um hvatir sínar í því sambandi og loks því að framburður ákærða um skyndilega og óhóflega áfengisneyslu sína í bílskúrnum þykir einkar ótrúverðugur, er sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði og brotþoli höfðu greint sinn samfarir í bílskúrnum og að ákærði hafi þá vitað að brotþoli væri aðeins 13 ára, enda þykir framburður brotþola um þetta sakarefni trúverðugur og fær stoð í fyrrgreindum málsgögnum. Er ákærði þannig sannur að sök um brot gegn 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga og þykir þar engu breyta, eins og hér háttar til, þótt ekki hafi verið úr því skorið með læknisskoðun hvort brotþoli væri með rofið eða órofið meyarhaft eftir heimsóknina til ákærða.

Meiri vafi leikur á því hvort brotaþoli hafi veitt ákærða munnmök í bílskúrnum, svo sem einnig er ákært fyrir, en framburður brotaþola um þetta sakarefni þykir óljós og er hvorki studdur framburði G og F um fyrstu frásögn brotaþola af atvikum né textaskilaboðum brotaþola til G eftir kynferðislegt samneyti við ákærða. Þótt eftir atvikum megi um kenna að 13 ára barni þyki erfitt og jafnvel erfiðara að greina frá munnmökum en samræði ber í ljósi staðfastrar neitunar ákærða að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Kemur þá til skoðunar hvort einnig beri að heimfæra samræði ákærða við brotaþola undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt téðri lagagrein, svo sem henni var breytt með lögum nr. 16/2018, er hver sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við einstakling án samþykkis hans sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum. Samkvæmt ákvæðinu telst samþykki liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung. Af málflutningi ákæruvaldsins þykir ljóst að ákæra er á því reist að ákærði hafi beitt brotaþola „annars konar ólögumætri nauðung“ til að ná fram samræði og að hún hafi í ljósi 13 aldurs ekki getað veitt gilt samþykki fyrir samræði.

Af textaskilaboðum brotaþola til G og fyrstu frásögn brotaþola gagnvart G og F verður ekki annað ráðið en að brotaþoli hafi verið sátt við og jafnvel stolt af því að hafa misst meydóm sinn með samförum við ákærða í bílskúrnum. Ef marka má dómsframburð brotaþola um að ákærði hafi daginn fyrir þær samfarir sótt brotaþola á heimili hennar í því augnamiði að þau hefðu kynmök en ekki af því orðið vegna þess að ákærði fann ekki stað til slíks og þau þess í stað farið á rúntinn þykir lítið hald í þeim framburði brotaþola og samsvarandi málatilbúnaði ákæruvaldsins að brotaþoli hafi ekki þorað annað en að setjast inn í bifreið ákærða 1. febrúar og fylgja honum heim til hans. Verður því lagt til grundvallar að brotaþoli hafi sama dag farið heim til ákærða af fúsum og frjálsum vilja, í þeim tilgangi að hafa þar samfarir og hún tekið þátt í þeim samförum án sérstakrar eða sértækrar nauðungar.

Stendur þá eftir það álitæfni hvort samræði fullorðins einstaklings við 13 ára barn teljist ávallt nauðgun í skilningi verknaðarlýsingar 1. mgr. 194. gr. hegningarlaganna án tillits til yfirlýsts vilja og/eða samþykkis barnsins, þ.e. að 13 ára barn geti undir engum kringumstæðum fallist á samræði við fullorðinn einstakling svo gilt sé. Af frumvarpi til áður nefndra breytingarlaga nr. 16/2018, sem og eldra frumvarpi til breytinga á 1. mgr.

194. gr., sbr. lög nr. 61/2007, verður ekki annað ráðið en að ávallt þurfi til að koma einhver sú ólögsmæta nauðung í skilningi 1. mgr. 194. gr. að gerandi í það minnsta notfæri sér yfirburðaaðstöðu gagnvart þolanda til að koma fram kynferðislegum vilja sínum og að þolandi sé varnarlaus gagnvart þeim vilja. Er ekkert slíkt fram komið í þessu máli, svo haldbært sé. Að því gættu og með vísan til 108. og 109. gr. laganna um meðferð sakamála ber að sýkna ákærða af nauðgun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

### Sakarefni samkvæmt II. kafla ákæru.

#### *I. - Lögreglurannsókn máls.*

##### 1.

Þann 16. ágúst 2022 mætti O félagsráðgjafi og starfsmaður barnaverndar [...] á lögreglustöð og kærði ákærða fyrir kynferðisbrot gegn B, hér eftir brotþola. O vísaði að öðru leyti til bréfs barnaverndar til lögreglu 7. júlí 2022 og gaf þá skýringu á að móðir barnsins legði ekki fram kærana, að meintur gerandi væri kærasti móður og ætti móðir erfitt með að trúa dóttur sinni þar sem stúlkan væri með skerta vitsmuni.

Í tilvitnuðu bréfi barnaverndar kemur fram að brotþoli hafi komið til viðtals hjá félagsráðgjafa og sálfræðingi 6. júlí og stúlkan nóttina áður komið heim úr frí á Spáni með C móður sinni, bróður sínum P og ákærða. Brotþola var gerð grein fyrir því að barnavernd vissi að hún hefði greint frá kynferðislegu ofbeldi og nú þyrfti hún að greina nánar frá. Hún kvaðst hafa sagt Q eldri systur sinni frá því, áður en haldið var til Spánar, að ákærði hefði brotið gegn henni, en bannað Q að segja frá þessu því brotþoli vildi komast til Spánar. Eftir að til Spánar kom hafi brotþoli svo sagt móður sinni og R vinkonu sinni frá öllu og eftir það ekki viljað fara aftur til móður og sambýlismanns hennar, ákærða.

##### 2.

Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 16. ágúst 2022. Hún kvað ákærða vera stjúpabba sinn til nokkurra mánaða, kannski 8-9 mánaða. Hún þekkti ákærða þó ekki vel, en hann væri kærasti mömmu hennar og þau búin að vera saman í eitt ár. Brotþoli kvaðst áður hafa sagt S sálfræðingi frá því að ákærði hefði snert hana á óviðeigandi stöðum og án hennar samþykkis. Í framhaldi tiltók brotþoli eitt skipti þegar hún var nýbúin í sturtu, var íklædd nærbuxum og hafði lagst ber að ofan undir sæng í rúmi sínu þegar ákærði kom inn til hennar og settist á rúmið, byrjaði að snerta og kreista brjóst

hennar og sagði að þetta þyrfti hann að gera svo hún fengi stærri brjóst. Brotapoli hafi „frosið“ við þetta og liðið mjög óþægilega. Ákærði hafi svo ætlað að færa hönd sína undir sængina, brotapoli þá stoppað hann af, ákærði sagst „eitthvað sorry“, virst áhyggjufullur, beðið brotapola að segja engum frá með orðunum „don't tell anyone this“ og hann sagst ekki myndu gera þetta aftur, en svo hafi hann gert þetta aftur.

Aðspurð hvort hún myndi hvenær ákærði gerði þetta aftur bar brotapoli að hún hafi þá setið í stofusófa, íklædd stuttbuxum og bol, og verið að rýna í farsíma eða Ipad þegar ákærði settist hjá henni, káfaði á og kreisti brjóst hennar innanklæða „og svo fór hann hérna aðeins inn“. Brotapoli útskýrði tilvitnuð ummæli á þann veg að ákærði hafi farið með hönd inn fyrir buxur hennar og snert smá „svona hárin“ nálægt kynfærasvæði, en svo dregið höndina til baka. Að sögn brotapola var amma hennar stödd í stofunni þegar ákærði hóf áreitnina í það sinn, en svo hafi amman farið, ákærði haldið áfram og brotapoli svo komið sér í burtu. Þá greindi brotapoli frá því að ákærði hafi oft sótt hana í skólann og hún þá stundum verið hrædd því ákærði hafi í tvö skipti eða svo snert brjóst hennar innanklæða í bifreiðinni. Ákærði hafi einnig oft sagt að hún væri „með flottan rass“ þegar hún var íklædd stuttbuxum og í eitt skipti rassskellt hana. Hún kvað öll atvikin hafa gerst á árinu 2022.

Þegar brotapoli var innt út í ferðina til Spánar sumarið 2022 kvað hún þau öll hafa farið saman til Benidorm, henni liðið illa að hafa ákærða með í för eftir það sem á undan var gengið, hún því farið til R vinkonu sinnar og sagt henni frá og einnig sagt mömmu sinni frá. Mamma hennar hafi grátið út af þessu, en ekkert sagt. Hún og ákærði séu enn saman og eigi von á barni.

### 3.

Ákærði var yfirheyrður 8. nóvember 2022. Hann kvaðst vera kærasti C móður brotapola og hafi svo verið um nokkurt skeið, en hann ekki verið mikið inni á heimili hennar og væri ekki stjúpfaðir brotapola. Ákærða kvaðst ekki hafa líkað vel við brotapola og væri það gagnkvæmt; stúlkan væri mjög óhlýðin, rifist við móður sína og hefði grætt hana. Hann kvaðst aldrei hafa verið einn með brotapola á heimili hennar og aldrei hafa gert neitt á hennar hlut. Frásögn brotapola um annað væri röng. Einu skiptin sem ákærði snerti líkama hennar hafi verið þegar hún bað um hjálp með líkamsræktaræfingar í stofunni, móðir hennar og T amma einnig verið þar, og ákærði þá ýmist tekið um mjaðmir eða rasskinnar brotapola þegar hann var að hjálpa henni við æfingar, ávallt að móður og

ömmu ásjáandi. Ákærði kvaðst hafa sótt brotþola í eitt eða tvö skipti í skólann, án þess að móðir hennar væri með í för, og stúlkan þá sest í aftursæti bifreiðar hans.

Aðspurður af hverju brotþoli ætti að bera rangar sakir á ákærða minntist hann á Spánarferðina sumarið 2022, sagði brotþola hafa kynnst þar mun eldri manni frá Afríku, hafi viljað ferðast með honum, móðir brotþola og ákærði ekki samþykkt, úr því orðið rifrildi og allir farið heim til Íslands nema brotþoli, sem hafi orðið eftir með þessum manni.

4.

R gaf vitnaskýrslu 23. janúar 2023. Hún kvað brotþola hafa sagt frá því á Spáni að ákærði hefði beitt hana kynferðisofbeldi þegar brotþoli sat í sófa á heimili sínu og ákærði snerti brjóst hennar. Þá hafi ákærði í eitt skipti snert brjóst brotþola þegar hún var heima í svefnherbergi sínu, hann þá einnig reynt að færa hönd sína niður að kynfærasvæði hennar, en brotþoli komið í veg fyrir það. R kvaðst ekki átta sig á því hvort brotþoli hafi greint frá snertingum ákærða utan eða innan klæða, en gat þess að ákærði eigi einnig að hafa káfað eða klipðið í rass brotþola.

5.

Q systir brotþola gaf skýrslu 5. apríl 2023. Hún kvað brotþola einhverju sinni hafa sent skilaboð gegnum Snapchat um að ákærði hefði „snert hana óviðeigandi í sófanum“. Eftir þetta hafi þær rætt saman og brotþoli greint frá því að ákærði hefði snert rass hennar á óviðeigandi hátt, sagt að hún væri með flottan rass og rassskellt hana, einnig farið inn á ber brjóst hennar meðan þau sátu saman í sófa og í eitt skipti farið neðar og inn fyrir buxur brotþola. Eftir þetta hafi þær verið í stöðugu sambandi, Q fylgst með því hvort allt væri í lagi og svo verið þar til í Spánarferðinni sumarið 2022 þegar allt hafi sprungið í loft upp. Þ broðir þeirra hafi þá verið sendur fyrir heim, móðir hennar og ákærði einnig farið heim og brotþoli orðið eftir á Spáni á meðan verið væri að finna út úr því hvað ætti að gera.

6.

C móðir brotþola gaf skýrslu hjá lögreglu 12. apríl 2023. Hún kvað samskipti sín og ákærða vera stundum góð og stundum slæm. Að hennar sögn hafi ákærði aldrei verið einn með brotþola á heimili hennar nema þegar C brá sér á salerni. Ákærði hafi verið iðinn við að kenna brotþola líkamsræktaræfingar í stofunni og þá að henni og T móður hennar viðstöddum. Við þær æfingar hafi ákærði spurt brotþola hvort hún vildi fá stærri rass og í framhaldi snert rass hennar til að kenna henni viðeigandi æfingar. Þess

utan hafi C oft beðið ákærða að sækja brotþola í skólann, hann gert það og væri frásögn ákærða um annað röng. C kvaðst ekki hafa rætt þetta mál við brotþola og ætli ekki að gera það.

7.

T gaf skýrslu hjá lögreglu 28. apríl 2023. Hún kvað ákveðna spennu hafa ríkt í samskiptum ákærða við C dóttur hennar og barnabarn, brotþola, ákærði verið mikið heima hjá C, hann stundum virst þunglyndur og ekki eins og hann ætti að sér að vera. Þá hafi brotþoli stundum stokkið grátandi inn í herbergi sitt og sagst ekki vilja lifa lengur. Brotþoli hafi þó ekki greint T frá neinu sérstöku fyrr en eftir Spánarferðina sumarið 2022, en þá sagt frá óeðlilegri hegðun ákærða og að hann hafi lagt hönd á læri hennar, farið á viðkvæman stað og farið inn fyrir fatnað hennar.

## *II. - Framburður ákærða, brotþola og annarra vitna fyrir dómi.*

1.

Fyrir dómi kvaðst ákærði vera í sambandi við C móður brotþola og þau eiga saman [barn] sem fæddist [...] 2022. Þau búi þó ekki saman, en hafi gert það um sex mánaða skeið, frá september-október 2021 og þá á heimili brotþola, en ákærði flutt út af heimilinu eftir upptöku sem varð í fjölskyldufrí á Benidorm á Spáni sumarið 2022. Þar hafi vandinn byrjað þegar brotþoli hitti mann frá Afríku sem var að selja dóp og ákærði bannaði henni að vera í samskiptum við manninn. Brotþoli hafi brugðist illa við og farið frá fjölskyldunni til R vinkonu sinnar sem var stödd á Spáni ásamt U móður sinni. U þessi hafi svo komið þeim óhróðri af stað að ákærði hefði brotið kynferðislega gegn brotþola og stúlkan ranglega borið á hann þær sakir sem frá greinir í ákæru. Ástæðan hafi verið sú að brotþoli vildi ekki fara heim til Íslands. Þetta hafi verið upphaf alls vanda og í kjölfarið hafi brotþoli dvalið áfram á Spáni í einn mánuð eða svo og verið í umsjá U. Ákærði staðfesti að hann, C og sonur hennar hafi farið fyrr heim en áætlað var og það eingöngu vegna þessa dópsala frá Afríku, sem ákærði hefði séð og vissi að brotþoli væri að hitta í óþökk hans og C.

Ákærði sagði að sér og brotþola hafi aldrei komið vel saman, en hann stundum hjálpað henni með líkamsræktaræfingar í stofunni heima hjá C og hún og T amma brotþola ávallt verið viðstaddar. Þess utan hafi ákærði nokkrum sinnum sótt brotþola í skólann, yfirleitt ásamt C, en í 1-2 skipti verið einn á ferð og brotþoli sest í aftursæti bifreiðar hans. Aðspurður hvort ákærði kynni skýringu á frásögn brotþola um

kynferðislega áreitni kvaðst hann halda að hún hafi sagt svo frá til þess að hún þyrfti ekki að fara heim frá Spáni. Þá væri brotþoli kannski ekki hrifin af því að ákærði og móðir hennar væru saman. Nánar aðspurður um æfingarnar í stofunni kvað ákærði engar kynferðislegar snertingar hafa átt sér stað þegar hann var að leiðbeina brotþola, hann kannski í eitt skipti þurft að snerta rass hennar á meðan, mamman og amman ávallt fylgst með og engum fundist neitt skrýtið við æfingarnar. Borinn var undir ákærða framburður brotþola um meint kynferðisbrot í rúmi hennar, í stofusófa og bifreið ákærða og kvað hann slíkt aldrei hafa gerst; brotþoli færi hér með rangt mál.

## 2.

Brotþoli bar að ákærði hafi verið stjúppabbi hennar, þau fyrst verið „góð“ saman og ákærði „næs“, en svo hafi það breyst. Hún kvaðst ekki muna allt og þurfa aðeins að hugsa, en gat svo um eitt tilvik í stofusófa heima hjá þeim. Brotþoli brast hér í grát og tók sér dágóðan tíma til að jafna sig, kvaðst svo ekki muna hvenær þetta gerðist, en umrætt sinn hafi ákærði farið með hönd sína inn fyrir buxur hennar og niður á svæðið þar sem skapahárin byrja. Amma hennar hafi verið stödd í stofunni og brotþoli frosið við framferði ákærða. Svo hafi eitthvað gerst í bílnum eða heima og ákærði þá snert brjóst hennar í 2-3 skipti, en ekki oft að því er brotþola minnti. Hún kvaðst svo ekki muna hvort þetta hafi gerst heima eða í bíl ákærða þegar hann sótti hana í skólann, en í þau skipti hafi hann farið inn fyrir föt hennar og káfað á berum brjóstunum. Hún kvaðst halda að ákærði hafi ekkert sagt meðan á þessu stóð, en hann þó einhvern tíma sagt „sorrý“ eða eitthvað. Henni hafi liðið illa út af þessu, samskipti hennar og ákærða breyst og hún ekki lengur viljað vera nálægt honum. Löngu seinna hafi hún svo sagt frá því sem ákærði gerði við hana. Brotþoli kvað rétt að ákærði hafi stundum hjálpað henni með líkamsræktaræfingar og hún áður búin að segja að sig langaði í stóran rass eða eitthvað. Hún kvaðst svo ekki alveg muna hvort ákærði hafi hjálpað henni með æfingarnar.

Brotþoli kvaðst ekki muna hvort hún hafi fyrst opnað sig gagnvart Q systur sinni á Íslandi eða á Spáni gagnvart U, mömmu R vinkonu sinnar, en myndi að þegar hún sagði Q frá þessu hafi hún beðið Q að segja helst engum frá og ekki mömmu þeirra. Hún kvaðst hafa farið til Benidorm með mömmu sinni, bróður og ákærða sumarið 2022 og þar fengið að fara og gista hjá R. Brotþola hafi á þeim tíma liðið illa vegna þess sem ákærði hefði gert henni á Íslandi og hún sagt U frá atvikum. U hafi svo hringt í mömmu brotþola og sagt henni frá. Eftir það hafi brotþoli verið áfram á Spáni og dvalið hjá U, en fjölskylda hennar snúið aftur til Íslands. Hún og ákærði séu ekki í neinu sambandi í dag.

Borin var undir brotþola frásögn hennar hjá lögreglu um atvik í rúmi hennar, atvik í stofusófa, atvik í bifreið ákærða, ummæli hans um flottan rass hennar og eina rassskellingu því tengdu og staðfesti brotþoli þá frásögn, kvaðst hafa munað þetta betur þá og hún sagti lögreglu sannleikann. Þá staðfesti brotþoli að ákærði hefði sagt við hana „don't tell anyone this“ eftir að hafa káfað á henni í rúminu. Í framhaldi kvaðst hún ekki muna hve lengi áreitni ákærða hefði staðið yfir, en bætti svo við að það hafi byrjað ekki löngu áður en þau fóru til Benidorm og því verið lokið áður en þau héldu þangað. Hún kvaðst ekki hafa hugsað mikið um þetta undanfarin misseri og ekki þannig að það hefði áhrif á líf hennar. Að lokum var brotþola kynntur sá framburður ákærða að vinfengi hennar við meintan dópsala frá Afríku væri ástæðan fyrir því að hún hefði framlengt dvöl sína á Spáni og sagði hún ákærða segja hér ósatt.

### 3.

Q systir brotþola bar að hún hafi fyrst heyrt af óeðlilegu framferði ákærða þegar brotþoli sendi henni Snapchat skilaboð að kvöldlagi, spurði í hverju hún væri að lenda og sagði ákærða hafa káfað á brjóstum hennar. Q hafi svo sótt brotþola daginn eftir, þær rætt saman og brotþoli greint frá atviki þar sem hún hafi setið í stofusófa og talað um hve brjóst sín væru lítil, ákærði þá sagti að hún væri með flott brjóst og því næst káfað á brjóstum hennar innanklæða. Þá hafi brotþoli greint frá atviki þegar hún sagðist vera með lítinn rass og ákærði þá káfað á rassi hennar. Q kvaðst hafa sagt móður þeirra og ömmu frá þessu, þó ekki strax því brotþoli vildi það ekki. Aðspurð kvaðst Q ekki muna nákvæmlega hvenær brotþoli opnaði sig gagnvart henni, en kvaðst 100% viss að þetta hafi gerst áður en fjölskyldan fór í sumarfríð til Spánar 2022 „og þá kemur sprengja“. Fyrir þann tíma fannst Q samband brotþola og ákærða vera mjög gott og hún leitað oftast til hans með skutl og greiða. Q tók þó fram að hún hafi ekki verið í miklu sambandi við fjölskyldu sína á þessum tíma og sjaldan komið inn á heimili brotþola.

Aðspurð um persónuleika brotþola bar Q að hún yrði „svakaleg“ ef einhver segði nei við hana og héldi þá áfram að suða eins og barn. Hún væri haldin vissri þráhyggju, dreymdi sífellt um Spán og fyndist allt mest spennandi þar. Borin var undir Q frásögn hennar hjá lögreglu og staðfesti hún réttmæti alls sem þar kæmi fram af hennar hálfu.

### 4.

C móðir brotþola kvaðst hafa kynnst ákærða í september 2021, þau byrjað saman nokkrum mánuðum síðar og búið saman á heimili hennar í smá tíma frá ca. desember

2021. Ákærði hafi þó átt annað heimili líka. Hún kvaðst aldrei hafa orðið vör við að ákærði gerði neitt kynferðislegt á hlut brotþola og fyrst heyrt af slíku á Spáni sumarið 2022. Þar hafi C, sonur hennar, brotþoli og ákærði dvalið eina viku í Torrevieja, þaðan farið á hótél á Benidorm og brotþoli fengið að verða eftir hjá R vinkonu sinni og U móður hennar. R hafi svo sent C skilaboð um að U vildi hitta hana, U komið til Benidorm, þær ræðst við og U greint frá því að ákærði eigi að hafa áreitt brotþola kynferðislega. Að sögn C varð hún orðlaus yfir þessu. U, R og brotþoli hafi svo komið til hinna á hótelinu í Benidorm og sótt dóttur brotþola undir þeim formerkjum að hún ætlaði að dvelja lengur hjá R. Í kjölfar þessa hafi þau hin flýtt brottför sinni heim um nokkra daga; sonur C farið fyrst og hún og ákærði skömmu seinna.

C kvaðst ekki vita hvort hún tryði frásögn U; samband ákærða og brotþola hafi yfirleitt verið gott fyrir Spánarferðina og fjölskyldan gert hluti saman. C kvaðst lítið eða ekkert hafa rætt þetta við brotþola og hefði þannig alla sína vitneskju frá U. Hún kvaðst hafa vitað að ákærði hefði hjálpað brotþola með líkamsræktaræfingar og C þá verið viðstödd í stofunni heima hjá þeim. Brotþoli hafi viljað aðstoð ákærða við þær æfingar og hún sagst vilja fá stærri rass. C tók fram að ákærði og brotþoli hafi aldrei verið tvö ein á heimilinu, en hann í einhver skipti sótt hana í skólann, þó ekki oft. Nánar aðspurð um Spánarferðina 2022 kvaðst C vita að brotþoli hefði eignast þar strákavin sem hún var mjög hrifin af, vildi vera lengur á Spáni og helst flytja þangað. Hún kvað svokallaða sprengingu á Spáni hafa orsakast af því að ókunnur maður tók brotþola tali fyrir utan Burger King í Torrevieja og bað um Instagram upplýsingar hennar svo hann gæti talað betur við hana. Ákærði hafi ekki verið hrifinn af þessu og brotþoli brugðist illa við afskiptasemi hans. Brotþoli væri þannig gerð að ef hún vildi eitthvað þá yrði hún að fá það strax.

## 5.

T móðuramma brotþola bar að hún hafi áður fyrr verið mikið inni á heimili C og brotþola, en minna núna. Ákærði væri þar einnig í dag þegar brotþoli væri ekki heima. T kvaðst ekki lengur muna hvort hún hafi heyrt af meintum kynferðisbrotum ákærða gegn brotþola fyrir eða eftir Spánarferðina 2022, en myndi að U hringdi í hana frá Spáni og sagði frá því að brotþoli hefði brotnað niður í ferðinni og greint frá því að ákærði hefði brotið gegn henni á heimili hennar og þegar hann keyrði brotþola í skólann. Brotþoli hafi svo seinna sagt T að ákærði hafi í nokkur skipti snert hana á viðkvæma staði, þ.e. farið inn á brjóstasvæði og aðeins inn á kynfærasvæði. T sagði erfitt að ræða

Þessi mál við C, en sjálf tryði T frásögn brotþola og teldi að ákærði hafi gert eitthvað á hennar hlut. T kvaðst aldrei hafa orðið vitni að slíku, en á tímabili fundið að eitthvað væri ekki í lagi í samskiptum ákærða og brotþola og samskiptin orðið stirðari.

6.

R vinkona brotþola bar að hún hafi verið á Spáni sumarið 2022 ásamt U móður sinni, brotþoli verið þar í frí með fjölskyldu sinni, fengið að gista hjá R og þá sagt henni frá því að ákærði hefði snert rass hennar og brjóst í stofu og svefnherbergi brotþola. R minnti að brotþoli hafi talað um nokkur skipti í þessu sambandi og tiltók R sérstaklega tvö tilvik, annars vegar þegar brotþoli var að gera æfingar fyrir rass í stofunni og ákærði snerti og skellti á rass hennar og hins vegar þegar ákærði fór inn í herbergi brotþola, snerti brjóst hennar, innanklæða að því er R minnti, og fór eitthvað neðar á líkama brotþola. Að sögn R leið brotþola ekki vel þegar hún sagði frá þessu, tók sér langan tíma í þá frásögn og fór svo að Natalie spurði hvort hún vildi frekar ræða þetta við U móður hennar. Þetta hafi brotþoli gert, þær síðan farið og hitt C móður brotþola, hún rætt um æfingar í stofunni, að brotþoli hafi beðið ákærða um aðstoð við þær æfingar og hann þá kannski komið við eða snert rass brotþola en C tryði ekkert misjafnt upp á ákærða í því sambandi.

Borin var undir R frásögn hennar hjá lögreglu og staðfesti hún réttmæti alls sem þar kæmi fram af hennar hálfu. Aðspurð kvaðst R hafa trúað frásögn brotþola á Spáni þar sem henni hafi liðið svo illa meðan á frásögn stóð.

7.

U bar fyrir dómi að hún þekki til brotþola gegnum R og hafi fyrst kynnst henni í raun á Spáni sumarið 2022 þegar hún kom í gistingu hjá U og R. Brotþoli hafi þá greint R frá einhverju misjöfnu af hálfu ákærða, brotþoli rætt þetta nánar við U og þá opnað sig um að ákærði hefði brotið kynferðislega gegn henni, m.a. í rúmi hennar og þegar hann sótti brotþola í skólann. Að sögn U sannfærði hún brotþola um að þær yrðu að gera eitthvað í málinu, t.d. segja C móður hennar frá og fóru í framhaldi til Benidorm þar sem U ræddi við hana. C hafi brugðist illa við, ekki viljað trúa frásögn brotþola, rengt allt sem U hafði um málið að segja og heimtað að fá að tala við brotþola. Brotþoli hafi því verið kölluð til, C þrátt fyrir það ekki viljað trúa barninu sínu, þetta gert U bálreiða, hún sagð C að brotþoli yrði áfram í gistingu hjá henni og R og að hún myndi tilkynna málið til barnaverndar. Við svo búið hafi þær sótt farangur brotþola á hótelinu í Benidorm og farið þaðan. Brotþoli hafi ekkert haft um þetta að segja, U tekið af skarið og hún ákveðið

ein að brotþoli yrði eftir á Spáni. Í kjölfarið hafi U hringt í T ömmu brotþola og einnig „fósturmömmu“ hennar á Íslandi, U lagt drög að því að brotþoli færi frá Spáni til fósturmömmunnar og það gengið eftir.

8.

V fyrrum félagsráðgjafi hjá barnavernd [...] bar að hún hafi unnið að málefnum brotþola í um átta ár og komið að því máli sem hér væri til meðferðar. V kvaðst fyrst hafa heyrt af málinu þegar hún fékk tölvupóst frá C móður brotþola á Spáni í lok júní 2022 og C greint frá því að eitthvað vesen væri í gangi, en það væri allt „misskilningur“. Eftir þetta hafi U sent allar upplýsingar og V skipulagt að fjölskylda brotþola myndi ekki ferðast heim á sama tíma. V kvaðst halda að brotþoli hafi sagt Q systur sinni frá framferði ákærða nokkrum dögum fyrir Spánarferðina, en ekki viljað að móðir þeirra vissi af því þar sem brotþoli vildi ekki verða af þeirri ferð. V kvaðst svo hafa rætt við brotþola eftir heimkomu og stúlkan greint frá því að ákærði hefði káfað á brjóstum hennar, í eitt skipti farið niður á kynfærasvæði og nuddað þar, viðhaft óviðeigandi orðbragð og sagt að brotþoli mætti engum segja frá. Í kjölfar þessa viðtals hafi málið verið kært til lögreglu og brotþoli vistuð hjá stuðningsfjölskyldu fram í ágúst 2022.

Fram kom í máli V að móðir brotþola og móðuramma byggju einnig við þroskahömlun líkt og brotþoli og minnti V að heildargreindarvísitala brotþola væri ekki nema 57. V kvað oft lítið sitja eftir af því sem sagt væri við brotþola og þyrftu bæði hún og nánasta fjölskylda hennar mikinn stuðning barnaverndar. Brotþoli væri mjög ákveðin heimafyrir, gæti verið mjög stíf við C móður sína og ætti C erfitt með það. Þá gæti brotþoli orðið mjög reið ef hún fengi ekki að kaupa allt sem hún vildi. V kvaðst hafa kynnst brotþola mjög vel á þessum átta árum og tryði algerlega frásögn hennar um meint brot ákærða.

9.

Þ sálfræðingur [...] bar að hún hafi verið með brotþola í viðtalsmeðferð frá hausti 2020 til haustsins 2021, en ekki komið að neinni meðferð eftir það. Brotþoli væri með væga þroskahömlun og greind undir meðallagi, ætti erfitt að skilja og tileinka sér hluti og setja öðrum mörk. Hún væri nú í vinnu með stuðningi. Þ kvaðst telja að brotþoli hefði ekki skilning til að ljúga um staðreyndir.

### *III. - Málalíbúnaður ákærvaldsins og ákærða.*

1.

Af hálfu ákærvaldsins er á því byggt að brotþoli hafi verið einlæg og trúverðug í frásögn hjá lögreglu og fyrir dómi um sakarefni máls og samrýmist sá framburður vætti Q systur hennar, R vinkonu hennar og U móður R, sem allar hafi lýst fyrstu frásögn brotþola af atvikum með mjög líkum hætti. Sé framburður sömu vitna einnig trúverðugur og fái stoð í vitnisburði T móðurömmu brotþola og vætti V fyrrum félagsráðgjafa [...]. Ákærði hafi á hinn bóginn verið ótrúverðugur um samskipti sín og brotþola, m.a. varðandi bílferðir og fjölda þeirra og kenni því helst um að brotþola hafi verið illa við hann og þess vegna borið á hann upplognar sakir. Þá tengi hann þá sprengingu sem varð í sumarfrí fjölskyldunnar á Spáni sumarið 2022 við Afríkubúa sem brotþoli eigi að hafa kynnst og það orðið til þess að hún vildi ekki snúa aftur heim með fjölskyldunni. Ekkert sé fjær lagi, svo sem C móðir brotþola hafi borið um og liggi þvert á móti fyrir að brotþoli varð eftir á Spáni vegna meintra kynferðisbrota ákærða og ákvörðunar U um að taka hana út úr tengslum við fjölskylduna. Þá liggi fyrir samkvæmt vætti Q systur brotþola að hún hafði greint frá kynferðislegu framferði ákærða áður en haldið var til Spánar og tengist framhaldsdvöl brotþola á Spáni því engu öðru en því að þar opnaði hún sig um framferði ákærða gagnvart fólki sem trúði henni. Þannig sé fráleitt að halda því fram að brotþoli hafi borið rangar sakir á ákærða til þess að geta verið lengur á Spáni og beri því allt að sama brunnni að sakfella beri ákærða samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru.

## 2.

Af hálfu ákærða er einkum á því byggt að í raun liggi ekkert annað fyrir um meint brot ákærða en óljós framburður brotþola um meint káf og þukl. Gegn þeim framburði standi stöðugur og trúverðugur framburður ákærða um að ekkert hafi gerst og hann aldrei snert líkama hennar nema í tengslum við líkamsræktaræfingar og þá að beiðni brotþola. Móðir brotþola og móðuramma hafi ekki orðið vitni að neinu sem stutt gæti framburð brotþola, ákærði aldrei verið einn með henni, brotþoli muni lítið eftir sakargiftum og sé framburður hennar meira og minna reistur á endursögn annarra, ekki síst U sem tekið hafi yfir alla atburðarás á Spáni og stýrt framhaldi máls. Hitt liggi fyrir að brotþoli bregðist ókvæða við fái hún ekki sínu framgengt, að hún sé haldin þráhyggju, m.a. fyrir Spáni og karlmönnum á Spáni og hafi viljað vera þar lengur sumarið 2022, hún einnig haldin útlitsdýrkun, sífellt talað um að vilja stærri rass og beðið ákærða um aðstoð við slíkar rassæfingar. Að öllu gætti beri að sýkna ákærða gegn eindreginni neitun hans á sakargiftum.

#### *IV. - Niðurstöður dómsins um sekt eða sýknu.*

##### 1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Metur dómari enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

##### 2.

Ákærða er í II. kafla ákæru gefið að sök kynferðisleg áreitni samkvæmt 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa í nokkur skipti á tímabilinu frá janúar til júní 2022, ýmist á heimili brotþola að [...], eða í bifreið sinni, þuklað að minnsta kosti fjórum sinnum á brjóstum brotþola innanklæða, tvisvar sinnum reynt að færa hönd að kynfærum hennar og í eitt skipti rassskellt brotþola og sagt að hún væri með flottan rass.

##### 3.

Ákærði neitar sök, kannast ekkert við það sem á hann er borið í þessum þætti máls og telur að brotþoli beri á hann rangar sakir, annað hvort sökum þess að hún hafi ekki kunnað við að ákærði væri í parasambandi við C móður hennar og/eða að brotþoli hafi logið slíku upp á ákærða til þess að hún þyrfti ekki að fara með fjölskyldunni heim frá Spáni í lok sumarleyfisferðar 2022. Er ekkert fram komið í málinu sem stutt gæti neitun ákærða og skýringar hans nema þá helst framburður C, en af framburði hennar og öðrum málsgögnum virðist hún í afneitun gagnvart því að ákærði gæti hafa gert nokkuð á hlut brotþola. Kom reyndar fyrst fram á aðalmeðferðardegi að C væri líkt og brotþoli með væga þroskahömlun og telur dómurinn að virða megi frásögn og afstöðu C til málsins í því ljósi.

Af hálfu ákærða hefur verið gert töluvert úr þroskahömlun og takmarkaðri greind brotþola. Þetta hefur þó ekki hamlað því að brotþoli greindi frá því með líkum hætti hjá lögreglu og fyrir dómi að ákærði hafi á tímabili fyrir Spánarferðina í júní 2022 áreitt hana kynferðislega með því að þukla á brjóstum hennar innanklæða, annars vegar þegar

hún lá í eitt skipti í rúmi sínu og hins vegar í eitt skipti þegar hún sat í stofusófa, en í bæði skiptin hafi hann jafnframt reynt að setja aðra hönd sína inn fyrir buxur hennar og fara niður að kynfærasvæði. Ennfremur, að ákærði hafi í tvö skipti eða svo þuklað á brjóstum brotaþola innanklæða þegar hann sótti hana í skólann og ákærði einhverju sinni sagt að hún væri með fallegan rass og skellt hönd á rass hennar. Þessi framburður brotaþola samrýmist vel fyrstu frásögn hennar gagnvart Q systur sinni fyrir Spánarferðina og frásögn gagnvart U á Spáni, svo sem þau vitni báru um fyrir dómi.

Það er álit dómsins að framburður brotaþola sé stöðugur og trúverðugur um sakarefni máls og að hún hafi fyrir dómi greint á einlægan og hófstílltan hátt frá því sem hún varð fyrir í samskiptum við ákærða. Framburður brotaþola er studdur endursögn Q, U og R dóttur hennar, sem og vætti T móðurömmu brotaþola og vætti V félagsráðgjafa sem ræddi við brotaþola strax eftir heimkomu frá Spáni og þekkir betur en margir til brotaþola. Þegar við þetta bætist að ekkert haldbært er fram komið í málinu sem skýrt gæti af hverju brotaþoli bæri rangar og upplognar sakir á ákærða og hefði til þess þá greind að geta haldið stöðugum en röngum framburði þykir sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa og óháð neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í II. kafla ákæru og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða.

#### Ákvörðun refsingar, miskabóta og sakarkostnaðar.

##### 1.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Verður litið til þessa við ákvörðun refsingar. Ákærði er nú sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn tveimur táningsstúlkum. Eru brotin alvarleg. Ákærði fór yfir öll velsæmismörk þegar hann falaðist eftir kynferðislegu samneyti við A, vitandi að hún væri aðeins 13 ára gömul. Þá voru brot hans gegn B framin á stöðum þar sem hún átti að njóta friðhelgi og öryggis í samskiptum við ákærða, ekki síst vegna þroskahömlunar og var brotaþoli af þeim sökum í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Þetta mátti ákærða vera ljóst þegar hann braut gegn henni. Á hann sér engar málsbætur. Að gættum þessum atriðum, öðru framanröktu og með sérstakri hliðsjón af 1., 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr., sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

##### 2.

Samkvæmt greindum málsúrslitum ber að taka afstöðu til framlagðra bótakrafna í málinu, en bótakrafa vegna brotaþola A var birt ákærða 27. október 2022 og bótakrafa

vegna B 12. september 2023. Ákærði hefur verið fundinn sekur um kynferðisbrot og ber því að greiða brotaþolum miskabætur á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þótt ekki liggi fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brota ákærða á líðan og sálarlíf A og B er á það fallist með réttargæslumanni þeirra að brot af þessu tagi séu ávallt til þess fallin að valda brotaþolum miska. Þykja miskabætur til A hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur og miskabætur til B 1.000.000 krónur, hvort tveggja með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

3.

Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til greiðslu 47.995 króna samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti ákærvaldsins, til greiðslu réttargæsluþóknunar Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur réttargæslumanns brotaþola B á rannsóknarstigi máls og þóknunar Sigurðar Freys Sigurðssonar réttargæslumanns hennar fyrir dómi. Þá verður ákærða gert að greiða  $\frac{3}{4}$  hluta þóknunar Sigurðar Freys vegna réttargæslustarfa í þágu brotaþola A og  $\frac{3}{4}$  hluta málsvarnarlauna Guðbjarna Eggertssonar verjanda síns, en  $\frac{1}{4}$  hluti nefndrar þóknunar og málsvarnarlauna greiðist úr ríkissjóði. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu Ólafar Heiðu þykir þóknun hennar hæfilega ákveðin 512.244 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Með sömu formerkjum þykir þóknun Sigurðar Freys hæfilega ákveðin 361.584 krónur vegna réttargæslu í þágu brotaþola B og 873.828 krónur vegna réttargæslu í þágu A, í báðum tilvikum að meðtöldum virðisaukaskatti. Með sömu formerkjum þykja málsvarnarlaun verjanda ákærða hæfilega ákveðin 2.410.560 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði A 1.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. febrúar 2022 til 27. nóvember 2022, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði B 1.000.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. júlí 2022 til 12. október 2023, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði 47.995 króna útlagðan sakarkostnað, 512.244 króna þóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur réttargæslumanns B, 361.584 króna þóknun Sigurðar Freys Sigurðssonar vegna réttargæslu í þágu B,  $\frac{3}{4}$  hluta 873.828 króna þóknunar Sigurðar Freys vegna réttargæslu í þágu A og  $\frac{3}{4}$  hluta 2.410.560 króna málsvarnarlauna Guðbjarna Eggertssonar verjanda síns.

Jónas Jóhannsson